

Reykjavík, 29. nóvember 2018

Niðurstaða athugunar á upplýsingakerfum Valitor hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á tilgreindum þáttum varðandi rekstur upplýsingakerfa og notkun upplýsingatækni hjá Valitor hf. í mars 2018. Markmið athugunarinnar var að leggja mat á viðbragðsáætlun félagsins og áætlun um samfelldan rekstur til að tryggja áframhaldandi starfsemi og takmörkun á tjóni ef alvarleg röskun verður á starfsemi þess, sbr. 2. mgr. 78 gr. g laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Athugunin beindist jafnframt að því að kanna hvort félagið starfaði í samræmi við leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2014, um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila.

Í athuguninni var lögð áhersla á að kanna framkvæmd, eftirlit, upplýsingagjöf og hlífingu Valitor hf. við tiltekna þætti tengda þessu. Farið var yfir öryggishandbók félagsins, viðbúnaðaráætlanir, fundargerðir stjórnar og fleiri gögn til að leggja mat á viðbragðsáætlun félagsins og viðbúnaðarumgjörð. Niðurstöður athugunar Fjármálaeftirlitsins lágu fyrir í september 2018, en miða við stöðu mála hjá Valitor hf. við upphaf athugunarinnar í mars 2018.

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins var að fyrirkomulag öryggis upplýsingakerfa hjá Valitor hf. fullnægði að mestu leyti þeim lögbundnu og faglegu kröfum sem gerðar eru varðandi framkvæmd, upplýsingagjöf og eftirlit. Fjármálaeftirlitið gerði þó nokkrar athugasemdir.

Með vísan til 78. gr. g laga nr. 161/2002 gerði Fjármálaeftirlitið eftirfarandi athugasemdir:

- að framsetning skjala og gagna sem lúta að heildstæðri viðbúnaðarumgjörð hefði ekki verið fullnægjandi.
- að útvistunarstefna félagsins hefði ekki verið sett fram með fullnægjandi hætti.

Með vísan til 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og leiðbeinandi tilmæla nr. 2/2014 gerði Fjármálaeftirlitið eftirfarandi athugasemdir:

- að félagið hefði ekki upplýst Fjármálaeftirlitið fyrirfram um útvistun verkefna til erlends aðila.
- að upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins hefði verið ábótavant en Fjármálaeftirlitið fer fram á að öll alvarleg frávík séu tilkynnt til eftirlitsins. Á tímabilinu 1. janúar til 4. maí 2018 voru skilgreind hjá Valitor hf. frávík sem tilkynna hefði átt til Fjármálaeftirlitsins en ekki var gert.
- að Valitor hf. hefði ekki vandað nægilega vel til gagnaskila til Fjármálaeftirlitsins vegna athugunarinnar.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því við stjórn Valitor hf. að hún fæli innri endurskoðanda félagsins að yfirfara úrbætur í kjölfar athugunarinnar og skila skýrslu þar að lútandi til Fjármálaeftirlitsins. Skýrsla innri endurskoðanda barst í nóvember 2018. Í skýrslunni kemur fram að Valitor hf. hafi brugðist við öllum athugasemdum Fjármálaeftirlitsins innan settra tímamarka.